SAMÞYKKTIR

Spilafélag Vestfjarða

1. gr. — Heiti og heimili

Félagið heitir Spilafélag Vestfjarða Heimili þess og varnarþing er í Ísafjarðarbæ.

2. gr. — Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla áhuga á borðspilum, safnspilum og skyldum spilum meðal íbúa á Vestfjörðum, á öllum aldri, og að skapa reglulegan og opinn vettvang fyrir spilamennsku, félagsstarf og samveru í fjórðungnum.

Félagið er almenn félagasamtök sem starfa að ófjárhagslegum tilgangi. Félagið stundar ekki atvinnurekstur.

3. gr. — Leiðir að tilgangi

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

a) halda regluleg opin spilakvöld sem öllum eru heimil,

b) standa fyrir mótum og viðburðum í ýmsum spilaformum, m.a. við útgáfu nýrra spilasetta,

c) kenna nýliðum og halda byrjendakvöld þar sem félagið leggur til kennslustokka og búnað,

d) halda sérstaka viðburði fyrir börn og ungmenni,

e) eiga og viðhalda spilum, spilabúnaði og öðrum búnaði sem nýttur er á viðburðum félagsins,

f) eiga samstarf við sveitarfélög, skóla, bókasöfn, félagsmiðstöðvar og önnur félög á Vestfjörðum,

g) sækja um styrki til að standa straum af starfsemi félagsins.

4. gr. — Félagsaðild

Öllum er heimilt að ganga í félagið sem vilja leggja tilgangi þess lið, án tillits til búsetu, aldurs eða reynslu. Aðild að félaginu er frjáls og engum er skylt að vera félagsmaður til að sækja viðburði félagsins, sem eru öllum opnir.

Umsókn um aðild er beint til stjórnar og telst félagsmaður skráður þegar félagsgjald hefur verið greitt. Stjórn heldur félagatal.

Félagsmaður getur sagt sig úr félaginu hvenær sem er með tilkynningu til stjórnar. Gangi félagsmaður úr félaginu á hann ekki tilkall til eigna þess.

5. gr. — Starfstímabil

Starfstímabil og reikningsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr. — Aðalfundur

Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti, með tölvupósti til skráðra félagsmanna og auglýsingu á vef eða samfélagsmiðlum félagsins. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

7. gr. — Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð að minnsta kosti þremur félagsmönnum, formanni og meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Heimilt er að kjósa allt að tvo varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum og skal meðal annars velja gjaldkera og ritara úr sínum röðum.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til stjórnarfunda og skal halda fundargerð um þá. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur þegar meirihluti stjórnar situr fund.

Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Stjórn er heimilt að veita einum stjórnarmanni prókúru fyrir félagið.

8. gr. — Félagsgjöld og fjármögnun

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt tvisvar á ári. Stjórn er heimilt að ákveða lægra eða ekkert félagsgjald fyrir félagsmenn yngri en 18 ára.

Auk félagsgjalda er félaginu heimilt að fjármagna starfsemi sína með styrkjum, frjálsum framlögum og þátttökugjöldum vegna einstakra viðburða.

9. gr. — Ráðstöfun rekstrarafgangs

Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal eingöngu varið í samræmi við tilgang félagsins skv. 2. gr. Félagsmenn njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins og óheimilt er að greiða þeim arð eða annað fé úr sjóðum félagsins.

10. gr. — Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða. Renna eignir félagsins þá til félagasamtaka eða góðgerðarmála með sambærilegan tilgang, sem ákveðin verða á slitafundi. Eignum félagsins skal aldrei ráðstafað til félagsmanna.

11. gr. — Lagabreytingar

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi eða löglega boðuðum félagsfundi, enda hafi tillögu að breytingum verið getið í fundarboði. Til samþykkis breytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

12. gr. — Félagsfundir

Stjórn boðar til félagsfundar þegar hún telur ástæðu til, og er henni skylt að gera það krefjist minnst fimmtungur félagsmanna þess skriflega og tilgreini fundarefni. Boða skal til félagsfundar með minnst viku fyrirvara.

AH
EÆH
ER

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins.

Dagsetning: 12.09.2026

Undirritanir stjórnar:

Kamil Raymarsson

Nafn og kennitala

Einar Ægir Hlynsson

Nafn og kennitala

Armann Haraldsson

Nafn og kennitala

AH
EÆH
ER